



23. mars 2020

Tilv.: 2003136

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um breytingartillögur vegna 695. máls, frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020.

Með tölvupósti, dags. 23. mars sl., óskaði fjárlaganefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020, sbr. 695. mál, lagt fram á 150. löggjafarþingi.

Í frumvarpi til fjárukalaga er fjallað um ábyrgðir vegna lánaufyrirgreiðslu til fyrirtækja með milligöngu Seðlabankans. Seðlabankinn gerir ekki athugasemd við hugmyndina sem í þessu felst, þ.e. að veitt verði ríkisábyrgð á lánum til fyrirtækja að uppfylltum skilyrðum.

Sú framkvæmd sem lögð er til kann þó að orka tvímælis og samrýmist illa sjálfstæði Seðlabankans, sem styrkt var í lögum um Seðlabanka Íslands sem tóku gildi fyrir tæpum þremur mánuðum. Að gangast í ábyrgðir líkt og bankanum er falið í frumvarpinu samrýmist auk þess illa hlutverki hans sem seðlabanka og sem fjármálaeftirlits og gæti skaðað trúverðugleika hans við framkvæmd þeirra verkefna sem honum eru falin í núgildandi seðlabankalögum.

Seðlabankinn telur rökréttara að Ríkisábyrgðasjóði, sem starfar skv. lögum nr. 121/1997, yrði falið það hlutverk sem frumvarpið gerir ráð fyrir að Seðlabankinn axli. Á grundvelli samnings sem er í gildi milli Seðlabankans og fjármála- og efnahagsráðuneytis um lánaumsýslu ríkissjóðs mun Seðlabankinn hvort eð er framkvæma aðgerðina fyrir hönd Ríkisábyrgðasjóðs en með því fyrirkomulagi verður aðgerðinni komið með eðlilegum hætti fyrir á efnahagsreikningi ríkissjóðs án viðkomu á efnahagsreikningi Seðlabankans. Auðvelt ætti að vera að sníða frumvarpstextann að þeirri lausn og hefði það engin áhrif á tilgang lánaufyrirgreiðslunnar né ætlaðan árangur.

Rétt þykir jafnframt að nefna, verði ekki fallist á að aðgerðin fari í gegnum Ríkisábyrgðasjóð, nokkur atriði varðandi orðalag ákvæðis gr. 7.32 frumvarps í 695. máli. Í ákvæðinu er ýmist fjallað um fyrirgreiðslu eða


ábyrgðir og verður að telja að það færi betur á því að fjalla eingöngu um veitingu ábyrgða. Í næstsíðustu setningu ákvæðisins er fjallað um að ríkissjóður skuli tryggja Seðlabankanum *skadleysi vegna kostnaðar* sem bankinn verði fyrir vegna fyrirgreiðslunnar. Í síðustu setningunni kemur aftur á móti fram að samningur bankans og ráðuneytisins skuli „*eftir föngum tryggja endurgreiðslu slíkra viðbótarlánveitinga*“. Að mati bankans þyrfti þetta orðalag að vera afdráttarlausara og taka af allan vafa um endurkröfurétt Seðlabankans á hendur ríkissjóði komi til greiðslu bankans vegna umræddra ábyrgða. Ennfremur er þess ekki getið að ábyrgð ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum verði sjálfskuldarábyrgð. Að mati bankans þarf því að endurorða tvær síðustu setningar greinarinnar svona:


Í samningi ráðherra við Seðlabankann skal kveðið á um skilyrðislausan endurkröfurétt Seðlabankans á hendur ríkissjóði, vegna sjálfskuldarábyrgðar ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum, vegna þeirra ábyrgða sem bankinn undirgengst gagnvart lánastofnunum vegna viðbótarlánveitinga. Skal miðað við að heildaráhætta ríkissjóðs vegna þeirra geti að hámarki numið 35 ma.kr.

Þá telur bankinn mikilvægt að halda því til haga að mat á fyrirtækjum sem uppfylla skilyrði fyrirgreiðslu af því tagi sem hér um ræðir verður í höndum viðkomandi lánastofnana. Þær hafa til þess bæði sérþekkingu og nauðsynlegar upplýsingar. Það verða því alltaf þær og lánanefndir þeirra sem meta hverjir koma til álita sem fyrirgreiðsluþegar. Jafnframt mætti taka af allan vafa um að átt sé við lánastofnanir í skilningi laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en mikilvægt er að ekki ríki vafi um það hvaða aðila sé átt við. Lánastofnun er skilgreind í 2. tölu. 1. mgr. 1. gr. a laganna.

Líkt og fram hefur komið þá gerir Seðlabankinn ekki athugasemd við þá hugmynd að veitt verði ríkisábyrgð á lánum til fyrirtækja að uppfylltum skilyrðum. Aftur á móti er það mat Seðlabankans að einfalda megi framkvæmdina á þann veg að óþarft er að gera ráð fyrir að Seðlabankinn sé ábyrgðarveitandi þegar fyrir liggur bakábyrgð ríkissjóðs. Hæglega megi einfalda ferlið, með því að beina þessari aðgerð beint í gegnum Ríkisábyrgðasjóð, en þegar er gert ráð fyrir breytingum á lögum um ríkisábyrgðir í frumvarpi um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru og Seðlabankinn yrði eftir sem áður framkvæmdaraðili úrræðisins á grundvelli samnings.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Asgeir Jónsson
seðlabankastjóri


Rannveig Jónsdóttir
framkvæmdastjóri